

Æskulýðsskýrsla



Hestamannafélagsins Kóps

2017-2018

Skipulagt æskulýðsstarf byrjaði í október 2017. Ákveðið var að verkefnið stæði frá október og út apríl. Það hófst á því að krakkar sem höfðu áhuga skráðu sig í hestaklúbb og mættu einu sinni í viku í október og nóvember. Þátttaka fór fram úr okkar björtustu vonum því 18 krakkar á aldrinum 10-15 ára skráðu sig og er það nokkuð gott því 43 börn eru á grunnskólaaldri í Skaftárhreppi. Við fengum inni í grunnskólanum á Kirkjubæjarklaustri og í námsverinu á Kirkjubæjarstofu. Hestaklúbburinn hófst með pizzuáti og glensi og var foreldrum boðið með í það.



Krakkarnir sem tóku þátt í Hestklúbbi Hmf.Kóps 2017-2018.

Byrjað var á bóklegri kennslu en krakkarnir voru mjög jákvæðir og áhugasamir og tilbúnir að móttaka þann fróðleik sem var miðlað til þeirra. Umsjón með þessu starfi höfðu Kristín Ásgeirsdóttir, Pálína Pálsdóttir, Sæunn Káradóttir og Arnhildur Helgadóttir reiðkennari frá Háskólanum á Hólum og sá hún um að gera glærusýningar og verkefni um ýmsa þætti varðandi íslenska hestinn, hestamennsku og umhirðu hrossa. Verkefni voru t.d.: Eðli hestsins - Líkamstjáning og skynfæri - Umgengni við hestinn - Fóðrun, umhirða, búnaður - Hvernig lærir hesturinn - Gangtegundir - Jafnvægi á hestbaki - Hestalitir - og fl. og fl. Við bóklega kennslu var stuðst við útgefið fræðsluefni m.a. bækurnar Knapamerki 1 og Knapamerki 2. Þá notuðum við líka íþróttahúsið okkar fína og fengum íþróttakennarann, hana Katarzynu Korolczuk, til þess að kenna

krökkunum jafnvægisæfingar og fleiri æfingar sem nýtast sem góður grunnur fyrir verðandi knapa.

Í lok nóvember gerðu krakkarnir verklegar æfingar. Við fengum aðstöðu á góðum bæ hér í sveitinni þar sem er ágætis inni aðstaða og þar æfðu krakkarnir jafnvægisæfingar á hestum. Þau æfðu sig í að teyma og kemba og farið var yfir það hvernig ætti að umgangast hross því í þessum hópi voru alveg óvanir krakkar sem höfðu nánast ekkert umgengist þau. Farið var í þetta verkefni eftir skóla og fengum við einn góðan bíl og bílstjóra til að skutla öllum hópnum á staðinn og til baka aftur að skóla. Góð samvinna var svo við foreldra að sækja krakkana þangað. Hver tími tók ca. eina og hálf klst. og var því alveg nauðsynlegt, að mati krakkanna, að fá pásu og heitt kakó og kex. Við vorum reyndar alveg sammála, því svangir og kaldir krakkar geta verið frekar erfitt viðfangsefni.

Í upphafi jólaföstudunnar buðu krakkarnir foreldrum til samverustundar og buðu þeim uppá smákökur og kakó. Þau skoruðu á foreldrana í spurningakeppni og krakkarnir unnu, að sjálfsögðu. Að því loknu tókum við hlé í desember, því nóg er um annað að hugsa þá.

Við byrjuðum svo galvösk aftur 10.janúar 2018. Þá hafði aðeins „helst úr lestinni“ eins og gengur og voru nú 12 krakkar eftir í hestaklúbbnum, alveg grjótharðir verðandi hestamenn.

Sami háttur var hafður á, við hittumst oftast nær einu sinni í viku, þar sem var m.a. bókleg kennsla og einnig var horft á bíómynd um íslenska hestinn.

Þrjú helgarnámskeið voru haldin fyrir krakkana en þar voru gerðar verklegar æfingar á hrossum. Fyrsta námskeiðið var haldið helgina 3.-4. febrúar og kennari var Arnhildur Helgadóttir reiðkennari frá Háskólanum á Hólum. Næsta námskeið var haldið helgina 15.-17.mars og þá var kennari Kristín Lárusdóttir reiðkennari og heimsmeistari í tölti. Það þriðja var síðan haldið helgina 21.-22.apríl og

kennari þá var Hlynur Guðmundsson reiðkennari frá Háskólnum á Hólum. Á námskeiðunum voru m.a. gerðar jafnvægisæfingar á hestum, farið yfir helstu grunnábendingar til þess að stjórna hrossum og riðnar slöngulínur um reiðhöllina svo eitthvað sé nefnt. Krakkarnir lærðu margt og mikið þessar helgar og sýndu heilmiklar framfarir.




Reiðnámskeið í Hátúnum helgina 3.-4.febrúar. Reiðkennari var Arnhildur Helgadóttir.

Eitt verkefni krakkanna eftir áramót var ljóðalestur. Það fór þannig fram að þau völdu sér ljóð um hesta, að sjálfsögðu, og æfðu sig á að flytja þau með tilþrifum. Þau ákváðu síðan að láta gott af sér leiða og á síðasta vetrardag heimsóttu þau íbúana á elli- og hjúkrunarheimilinu á Kirkjubæjarklaustri og lásu fyrir þau ljóð og tóku einnig lagið með þeim. Þetta var mjög skemmtileg stund og vel tekið á móti okkur. Krakkarnir stóðu sig með þryði, voru kurteis og tóku verkefnið alvarlega, engin fíflalæti enda ekki við öðru að búast. Okkur hlýnaði svo um hjartaræturnar þegar við vorum kvödd með þeim orðum; hvort við kæmum ekki bara fljótt aftur!

Að hreinsa reiðtygi var eitt af verkefnum krakkanna eftir áramót og gekk það mjög vel eins og annað, leðurolíur og hreinsiefni notuð af hjartans list og mikið skrafað og masað á meðan, eins og eðlilegt er.

Við enduðum svo þetta verkefni vetrarins, með skemmtiferð á Selfoss þar sem við mættum sem áhorfendur á sýninguna Hestafjör hjá Hestamannafélaginu Sleipni og að sjálfsögðu var stoppað á heimleiðinni og snædd pizza, hvað annað.



Hestafjör Hmf. Sleipnis og pizzaveisla á heimleiðinni!

Hugmyndin er að vera aftur með svipað verkefni núna í haust, og vonandi tekst okkur það. Það háir þó flestum krökkunum hestleysi en ef krakkar hafa virkilegan áhuga á hestum og vilja stunda hestamennsku eins og hverja aðra íþróttagrein þá er mikilvægt hafa hest við sitt hæfi og viljum við því að foreldrar hafi það í huga. Við gerum okkur grein fyrir því að hestar þurfa fóður og húspláss og það þarf að moka undan þeim og gefa, en það er partur af hestamennsku að hugsa um og fóðra hestinn sinn. Við erum sannfærðar um að mestur árangur náist með þessu móti hvort sem það er til þess að vera áhuga hestamaður eða til þess að ná árangri sem knapi í keppni.

Við nutum aðstoðar margra góðra manna og kvenna í sjálfböðavinnu við þetta verkefni. Fyrst viljum við nefna alla þá sem lánuðu hestana sína, þá sem fluttu þá fram og til baka og járnðu, lánuðu reiðtygi o.fl. o.fl. Færum við öllum hér með bestu þakkir fyrir.

Áralöng hefð er fyrir því að hafa reiðskóla Hestamannafélagsins Kóps í júní og svo var einnig nú. Hann var haldin dagana 18.-22. júní og sáu mæðgurnar á Syðri-Fljótum þær Kristín Lárusdóttir og Svanhildur Guðbrandsdóttir um hann. Sóttu hann bæði börn og fullorðnir og tókst hann með ágætum eins og alltaf.

F.h. Fræðslunefndar og Hestamannafélagsins Kóps.

Kristín Ásgeirsdóttir og Pálína Pálsdóttir.